
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2010-01
Fundartími:	Þriðjudagur 19. janúar 2010 kl. 14:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar.
	2) Raforkunotkun ársins 2009.
	3) Fréttatilkynning um raforkunotkun 2009.
	4) Endurskoðun raforkuspár, almennar forsendur, mannfjöldi.
	5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Íris Baldursdóttir
	Ívar Þorsteinsson
	Pétur E. Þórðarson
	Gunnar Aðalsteinsson
	Ásgeir Sigtryggsson
EFLA:	Jón Vilhjálmsson
	Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Sigurður Ágústsson
	Agnar Árnason

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar. ÍP sagði að afstaða Orkustofnunar væri óbreytt varðandi vinnu þessa árs og því yrði haldið áfram samkvæmt áætlun.
- 2) JV fór yfir tölur um raforkunotkun ársins 2009. Hann sagði að allar tölur um vinnslu ættu að vera komnar en þó geta alltaf komið einhverjar lagfæringar en þær yrðu væntanlega einungis smávægilegar. Vinnsla í sumum virkjunum Landsvirkjunar liggur ekki fyrir og þarf að áætla hana. Það er gert út frá innmötun inn á Landsnet og þá notuð sömu tölur (með eigin notkun) og voru í fyrra. Eigin notkunin þessara virkjana er það mikil að þegar hún hefur verið sett inn breytast niðurstöður þó nokkuð enda er um að ræða nálægt 40 GWh. Hann sagði að við þyrftum annað hvort að fá mælingar á þessari vinnslu eða áætla hana í hverjum ársfjórðungi til að tölurnar breytist ekki svona mikið í árslok. ÍP sagði að Landsvirkjun hefði svarað því til að þetta væri allt mælt en við höfum ekki fengið þær mælingar. ÍP ætlar að kannastöðuna varðandi mælingarnar.

Flutningstöp eru 356 GWh og stemma þau við tölur Landsnets en þau hafa minnkað um 11% á milli ára. Samkvæmt þessum tölum hefur almenn notkun minnkað um 2,1% og er

lækkunin heldur minni eftir hitastigsleiðréttingu þar sem árið 2009 var heldur hlýrra en árið 2008. Stórnotkun hefur aukist um 3,9% og nýr aðili, Becromal, hefur komið það inn. JV sagði að minnkun forgangsorku væri 2,2% og 1,5% eftir hitastigsleiðréttingu og hefði ekki sést svona mikil minnkun almennrar notkunar síðan í kreppunni á 3. áratug síðustu aldar. Ótryggð orka minnkaði um 1,5%. GA sagði að tölurnar pössuðu ekki eins vel núna við tölur Orkuveitu Reykjavíkur eins og eldri tölur. JV ætlar að skoða það.

IB fór yfir nokkrar myndir um aflþörf. Toppur í innmötun og úttekt Landsnets kom í hádeginu 23. desember. Hann benti á að flutningstöpin hefðu minnkað. ÁS benti á að niðursveifla í flutningstöpum síðasta sumar stafaði líklega af villu í mælingu í Steingrímsstöð og verður send leiðrétt röð. Einnig kom fram að töpin aukast 1. júlí og fara síðan í fyrra horf í október. Nokkuð var rætt um þetta og líklega er um að ræða breytta keyrslu virkjana.

- 3) JV fór yfir drög að fréttatilkynningu um raforkunotkun og sagðist aðeins hafa aukið við hana miðað við síðasta ár. Nokkrar lagfæringar voru gerðar á orðalagi. JV var falið að ganga frá henni.
- 4) Frestað var til næsta fundar að fjalla um fólksfjölda.
- 5) IB sagðist hafa sent beiðni á dreifiveiturnar um að senda inn raforkunotkun eftir notkunarflokkum. Hann spurði PEP hvort fyrirsjáanlegt væri að Rarik gæti að nýju greint notkunina niður á orkuspársæði. PEP sagði að það væri erfitt en hann mundi þó hafa það í huga.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 16:10. Næsti fundur ákveðinn 2. febrúar 2010.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

- Töflur um raforkunotkun á árinu 2009.
- Drög að fréttatilkynningu: „Raforkunotkun ársins 2009“.

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Raforkunotkun eftir landshlutum.
- Nokkrar myndir um álag á raforkukerfið 2009.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
ÍP	Samþykki fyrir áætlun næsta árs.
ÍP	Athuga með mælingar í virkjunum
JV	Aukning notkunar hjá OR í samanburði við landið.